

Nd.

20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Sigurður E. Hliðar, Bjarni Ásgeirsson,
Stefán Stefánsson.

1. gr. í lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, orðist svo:

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, þar af annar búsettur á Ísafirði, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður að öðru leyti á um bústaði þeirra.

Greinargerð.

Samkv. frv. þessu yrði skipuðum dýralæknum landsins fjölgað um einn, er gegndi Vestfjörðum og sæti á Ísafirði. Vestfirðingar eiga þess nú engan kost að ná til lærðs dýralæknis og meta sér mikinn бага, enda er frv. þetta flutt samkv. mjög eindregnum óskum bænda í Ísafjarðarsýslum og annarsstaðar á Vestfjörðum.